



STARFSENDURHÆFING
NORÐURLANDS

Ársskýrsla



2014

Við náum árangri með því að stefna öll að sama marki



Efnisyfirlit

Formáli	1
Inngangur	2
Fjármögnun	2
Starfsmannahald	3
Samstarfsaðilar	3
Starfsemin	3
Starfið síðasta ári	4
Þjónustuleiðir	5
BYR – undirbúningashópur	5
Brúin.....	5
ETNA-ATV	5
Gæfuspórið	6
Virgni & Velliðan	6
Annað	6
Þjónusta veitt utan Akureyrar	7
Fjallabyggð og Dalvík.....	7
Norðurland vestra	7
Norðurland eystra	7
Eftirfylgd.....	7
Evrópuverkefni	7
Fjöldi tilvísana	9
Kynjaskipting	9
Tilvísendur þeirra sem fengu þjónustu á árinu 2014	9
Ástæða tilvísana	10
Hve lengi frá vinnu	11
Framfærsla á endurhæfingartímanum	12
ASEBA sjálfsmatslistinn	12
Samantekt	14

Formáli

Svo sem fram kom í formála ársskýrslu ársins 2013 ákvað velferðarráðuneytið undir lok þess árs að allir sem væru í starfsendurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands félli undir lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og þannig bæri Virk starfsendurhæfingarsjóði að greiða fyrir hana. Vegna þess hve seint þessi ákvörðun kom var árið 2014 enn eitt ár mikillar rekstraróvissu.

Vegna þess að Virk hafði nýlega fengið þetta verkefni upp í hendurnar í upphafi ársins, reyndi Virk að firra vandræðum með því að leggja til fast framlag, krónur 1 milljón á mánuði frá og með maímánuði. Skipti auðvitað mjög miklu fyrir reksturinn en áfram var barningur.

Undir lok árs kom ákveðið babb í bátinn þar sem fjárlög fyrir árið 2015 gerðu ekki ráð fyrir lagalega ákveðnu framlagi ríkisins til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Á þeim tímapunkti skapaðist mikil óvissa fyrir þá einstaklinga sem eiga hvað erfiðast með að ná fótfestu á vinnumarkaði og þurfa mesta aðstoð þ.e. hafa litla vinnureynslu, eru á örorkuframfærslu eða framfærslu sveitafélaga. Mál þetta var óleyst í árslok.

Fjöldi starfsendurhæfingarplássna á árinu 2014 var 252 samanborið við 220 árið á undan. Á vorönn voru þau 153 og á haustönn 99. Sambærilegar tölur fyrir 2013 voru á vorönn 133 og á haustönn 87. Skýring á því af hverju svona mikill munur er á vor- og haustönn er sú að sumarnámskeið með 30 einstaklingum sem var í gangi í annað skipti sumarið 2014 kemur inn í tölu vorannar.

Fjöldi einstaklinga sem voru í þjónustu 2014 er 150, 96 á vorönn og 74 á haustönn. Þónokkur hópur var bæði tímabilin.

Eðlilega hefur sú breyting orðið á, að þegar starfsemi Virk starfsendurhæfingarsjóðs er komin í fullan gang, er talsverður hópur einstaklinga sem áður var vísað til Starfsendurhæfingar Norðurlands sem ekki koma þangað. Þau fá viðtöl og stuðning hjá ráðgjafa Virk, sálfræðingi og kannski sjúkraþjálfun. Þeir sem koma til SN eru þá einstaklingar sem þurfa meiri aðstoð til þess að komast á vinnumarkað. Þannig verður vinnan og álagið nánast það sama, þó svo að einstaklingunum fækki.

Eins og verið hefur undanfarið ár, eru þessar starfsaðstæður ekki góðar. Það er vont mál, því ekki veitir af að allt starfsfólk SN geti notað alla sína krafta til þess að hjálpa þeim einstaklingum sem eru í þjónustu. Því er enn og aftur ástæða fyrir stjórn að þakka það frábæra starf sem starfsfólk okkar vinnur bæði fyrir einstaklingana sjálfa sem verið er að þjónusta en ekki síður fyrir þjóðarbúið því starfsendurhæfing er ein besta fjárfesting sem hægt er að leggja í, það sýna ótal rannsóknir.

Kristnesi 16.03.2015

Ingvar Þóroddsson formaður stjórnar Starfsendurhæfingar Norðurlands

Inngangur

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) mun varpa ljósi á það starf sem fram hefur farið árið 2014.

Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) er skipuð fulltrúum frá stofnaðilum SN:

- Ingvar Þóroddsson, fulltrúi FSA, formaður
- Erla Björg Guðmundsdóttir, fulltrúi SÍMEY
- Guðrún Sigurðardóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar, varaformaður og ritari
- Guðmundur B. Guðmundsson, fulltrúi Stapa Lífeyrissjóðs
- Soffía Gísladóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar Norðurlands eystra

Röð varamanna er eftirfarandi:


- Jón Helgi Björnsson, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga
- Dóra Ármannsdóttir, fulltrúi Framhaldssólans á Húsavík
- Sigurborg Ö. Möller, fulltrúi Félagsþjónustu Norðurþings
- Svanhildur Bragadóttir, fulltrúi KEA
- Karl Guðmundsson, fulltrúi Heilsugæslunnar á Akureyi (HAK)

Á starfsárinu voru haldnir 6 stjórnarfundir auk ársfundar félagsins sem var 21. mars 2014.

Fjármögnun

Aðal fjármögnun SN er í gegnum samning við Virk starfsendurhæfingarsjóð eða 86% af tekjum SN árið 2014. Um áramótin 2013/14 var Virk starfsendurhæfingarsjóði falið að sjá um samning sem SN var með við Velferðarráðuneytið og er um 28% fjármagnsins sem kom frá Virk vegna þess samnings. Frá Akureyrarbæ kom 4% af fjármagninu, sem er styrkur vegna endurhæfingarleiðarinnar Gæfuspors. Frá Vinnumálastofnun kemur 1% og 9% tekna félagsins er vegna Evrópuverkefna. Heildartekjur félagsins hækkuðu um 14,7 milljónir frá fyrra ári eða um 25%. Í lok árs var enn á ný óvissa varðandi framtíð SN þar sem samningur milli Ríkis og Virk starfsendurhæfingarsjóðs var í uppnámi, sem leiddi af sér óvissu um áframhaldandi samninga við SN. Gerður var tímabundin framlenging á samning milli SN og Virk starfsendurhæfingarsjóðs til lok júní 2015.

Hér má sjá hvaðan tekjur SN komu síðasta rekstarár:



Mynd 1. Tekjuskipting 2014

Starfsmannahald

Fastráðnir stafs menn SN voru sjö á árinu í 6,5 stöðugildum. Í lok árs voru starfsmenn SN sex í 5,5 stöðugildum.

Starfsmenn SN:


- Bryndís Arnardóttir, hjúkrunarfræðingur og heilsufræðingur í 100% stöðu.
- Geirlaug G. Björnsdóttir, þroskaþjálfari og fjölskyldumeðferðarfræðingur í 100% stöðu, framkvæmdastjóri.
- Jóhanna Bergsdóttir, sálfræðingur í 100% stöðu.
- Kristján Jósteynsson, félagsráðgjafi og endurhæfingarráðgjafi í 100% stöðu.
- Sæunn Sigríður Jóhannsdóttir, ritari í 50% stöðu.
- Olga Ásrún Stefánsdóttir, iðjuþjálfari og fjölskyldumeðferðarfræðingur í 100% stöðu, lét af störfum í júlí 2014.
- Friðbjörg J. Sigurjónsdóttir, BA í sálfræði, í 100% starfi.

Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar SN eru stofnaðilar og starfsmenn þeirra s.s. lækna heilsugæslustöðva og SAK, ráðgjafar frá félagsþjónustu Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar, Vinnumálastofnunar og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Mikið og gott samstarf hefur verið við Tryggingastofnun ríkisins eins og undanfarin ár. Einnig er samstarf við ýmsa verktaka og sérfræðinga sem að endurhæfingunni koma. Um er að ræða þjónustu sjúkraþjálfara, sálfræðinga, kennara, heilsuráðgjafa, bókara og endurskoðenda og ýmissa fyrirlesara. Einnig var keypt þjónusta af Akureyrarbæ, Punktinum og SÍMEY.

Starfsemin

Starfsemi SN hefur verið í örri þróun undanfarin ár, þó ekki hafa miklar breytingar verið gerðar á síðasta starfsári. Ein endurhæfingarleið var þróuð sem nefnd var; Matshópur. Segja má að innihald þjónustunnar miðist við þarfir þess markhóps sem nýtir þjónustuna hverju sinni og þróað er samstarfi við verkkaupa. Hér má sjá mynd af starfsemi SN eins og hún er í dag.



Mynd 2. Hér sést hvernig starfsemi SN er í dag

Frekari umfjöllun um útfærslu hvernar leiðar fer hér á eftir í kaflanum „Þjónustuleiðir“.

Starfið síðasta ári

SN veitti þjónustu á Akureyri, Fjallabyggð, Dalvík, Húsavík og Norðurlandi vestra.

Boðið var upp á fjölbreyttar leiðir en aðsókn í þjónustu hjá SN hefur dregist talsvert saman frá síðasta starfsári. Í lok árs var enn á ný óvissa varðandi framtíð SN þar sem samningar milli Ríkis og Virk starfsendurhæfingarsjóðs voru í uppnámi, sem leiddi af sér óvissu um áframhaldandi samninga við SN. Gerður var tímabundin framlenging á samning milli SN og Virk starfsendurhæfingarsjóðs til loka júní 2015.

Tilvísunum til SN fjölgaði á árinu en færri notendur standa á bak við tilvísunar fjölda sem skýrist fyrst og fremst af því að á bak við hvern notanda eru 1-4 tilvísanir.

Mikil breyting hefur orðið á notendahópnum undanfarin ár þar sem nú glíma fleiri einstaklingar við fjölþættan vanda og þurfa þ.a.l. á lengri endurhæfingartíma að halda. Á síðasta starfsári hefur ekki orðið nein breyting þar á. Reynt er að mæta þörfum hvers þátttakanda og finna þá leið sem hentar honum best. Þátttakendur SN hafa mætt í hópefli/sjálfsstyrkingu, líkamspjálfun og heilsueflingu. Einnig nýttu þátttakendur sér sálfræðiviðtöl, félagsráðgjöf, heilsuráðgjöf, iðjuþjálfun, fjármálaráðgjöf og fjölskyldumeðferð hjá sérfræðingum SN. Þátttakendur nýttu sér reglulega stuðningsviðtöl hjá ráðgjöfum SN en þeir fylgjast með framvindu endurhæfingarinnar.

Allir þátttakendur fylla út ASEBA (Achenbach) matslista við komu í starfsendurhæfingu en listinn hjálpar ráðgjafa að meta stöðuna og auðveldar vinnu með þátttakandanum við markmiðssetningu og við endurmat á endurhæfingarátuninni. Þessir listar eru einnig lagðir fyrir í lok endurhæfingar og því er hægt að meta árangur endurhæfingarinnar. Einnig fylla þátttakendur út listana Heilsutengd lífsgæði og DASS (Depression Anxiety Stress Scales) við upphaf endurhæfingar og við lok hennar.

Á árinu hefur verið boðið upp á ýmsa möguleika í endurhæfingu: BYR-undirbúningsnámskeið, Matshóp, Brúna-stuðningsúræði, ETNA og ATV, Gæfusporið og Virkni & Vellíðan. Þó eru alltaf einhverjir sem ekki geta nýtt sér þær leiðir sem eru í boði og hefur verið brugðist við þeirri þörf með því að gera einstaklingsmiðaða samninga við þá, kallast það leið 1.

Á árinu 2014 þáðu 150 einstaklingar þjónustu.

Hér á eftir verður fjallað um hverja þjónustuleið og útskýrt hvað er boðið upp á í hverri leið.

Þjónustuleiðir

BYR – undirbúningashópur

Í BYR er boðið upp á ýmis konar fræðslu, líkamsrækt og jóga, hópefli og sjálfstyrkingu. Lagt er mat á þörf á frekari þjónustu og val á þeirri leið sem hentar hverjum og einum í framhaldi og/eða hvort að einstaklingurinn er tilbúinn aftur í vinnu. Auk þess er hann í reglulegri ráðgjöf hjá sínum ráðgjafa hjá SN og sækir einkatíma hjá sérfræðingum s.s. sálfræðingi, fjármálaráðgjafa, félagsráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa, fjölskyldumeðferðarfræðingi, heilsuráðgjafa o.fl. Flestir sem vísað er í BYR búa við fjölpættan vanda og þurfa því á langtíma endurhæfingu að halda. Í BYR er einstaklingurinn oftast í 4-6 mánuði og fer í flestum tilfellum í áframhaldandi endurhæfingu ýmist hjá SN eða annars staðar.

Matshópur

Matshópur er 4-8 vikna endurhæfingarleið sem boðið var fyrst upp á sl. haust. Þessi leið er fyrir þá sem eru að byrja í endurhæfingu áður en vitað er hvaða leið hentar viðkomandi né hvort einstaklingurinn sé tilbúinn í endurhæfingu. Unnið er með markmið, hópefli, sjálfsstyrkingu og tjáningu, handverk og félagslega þátttöku auk þess sem fræðsla er fastur þáttur í endurhæfingunni. Þátttakendum er boðið upp á ýmis konar sérfræðiþjónusta s.s. sálfræðimeðferð, fjölskyldumeðferð, viðtöl hjá félagsráðgjafa og fjármálaráðgjöf. Þátttakandinn er í reglulegum stuðningsviðtölum hjá ráðgjafa SN sem heldur utan um endurhæfinguna og metur framvindu hennar og næstu skref.

Brúin

Í Brúnni eru flestir þátttakendur í námi á eigin vegum, ýmist í framhaldsskóla eða í háskólanámi, en nokkrir hafa einnig stundað vinnu. Markmiðið er að styðja þátttakandann á þeirri námsleið eða í því starfi sem hann hefur valið sér. Stuðningurinn er einstaklingsmiðaður. Hóparnir hittast vikulega með ráðgjafa og er þá boðið upp á fræðslu eða að þátttakendur miðla af reynslu sinni og styðja og leiðbeina hvorir öðrum. Einnig standa þeim til boða viðtöl hjá viðeigandi fagaðilum eftir því sem þeir tekja sig þurfa á að halda. Má þar nefna: sálfræðiviðtöl, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, heilsuráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf og fjölskyldumeðferð. Þetta eru sérstaklega einstaklingar sem hafa ekki getað fótað sig í námi eða vinnu og þurfa á stuðningi og hvatningu að halda. Það er ekki þörf á því að þátttakandi í þessu úrræði sé búinn að fara í undirbúningshópin heldur getur hann komið beint inn í þetta úrræði, enda ekki endilega um langtíma stuðning að ræða.

ETNA-ATV

ETNA-ATV er 12 vikna heildrænt endurhæfingarúrræði þar sem unnið er með bæði líkamlega og andlega heilsu einstaklinga. Þátttakendum er veittur stuðningur og fjölpætt ráðgjöf á endurhæfingartímabilinu og boðið er upp á hreyfingu í formi líkamsræktar, göngu og annarrar útiveru auk þess sem þátttakendur eru í sjúkrahjálfun sé þess þörf. Á seinni hluta endurhæfingartímans er aðaláherslan á tengsl við vinnumarkaðinn og fara þátttakendur í starfskynningar á endurhæfingartímanum. Þeir eru í virkri atvinnuleit seinnipart tímabilsins og vinna verkefni sem henta til að búa sig sem best undir atvinnuþátttöku á ný.

Markhópur ETNA-ATV endurhæfingarúrræðisins er einstaklingar sem hafa fallið út af vinnumarkaði og eru að leita leiða til að komast aftur af stað. Langtímaatvinnulausir hafa einnig

tekið þátt í ETNA-ATV, en með því eru þeir að leitast við að komast aftur í góða rútínu og hreyfingu. Vandí þeirra sem er vísað í ETNA-ATV er einkum stoðkerfisvandi en einnig fjölgar þeim sem eru að kljást við geðræna erfiðleika, þá aðallega þunglyndi og kvíða. Þátttakendur eru í mismunandi stöðu í upphafi endurhæfingar, en leitast er við að mæta hverjum og einum á þeim stað sem hann er staddur.

Þeir fagaðilar sem að ETNA-ATV standa eru m.a. félagsráðgjafi, heilsuþjálfari, iðjuþjálfari, næringarráðgjafi, lækni, sjúkraþjálfarar, sálfræðingar og fjölskyldumeðferðarfræðingur.

Gæfusporið

Undanfarin fjögur ár hefur verið boðið upp á endurhæfingarleiðna Gæfusporið sem hefur verið styrkt af Akureyrarbæ sl. þrjú ár. Gæfusporið er þróunarverkefni sem þróað hefur verið undir hatti SN og í samvinnu við fagaðila SN af Sigrúnu Sigurðardóttur lektors við Háskólann á Akureyri og doktorsnema í lýðheilsufræðum. Gæfusporið er endurhæfingarleið sem er þróuð í framhaldi af meistaraþrófsrannsókn sem hún vann, á afleiðingum kynferðislegs ofbeldis í æsku og er Gæfusporið hluti af doktorsnámi hennar. Aðrir sérfræðingar á svæðinu hafa tekið þátt í þessu þróunarstarfi sem verktakar, má þar nefna m.a. sjúkraþjálfarana, Þuríði Árnadóttur og Kristínu Rósu Óladóttur.

Gæfusporið er 14 vikna endurhæfing þar sem unnið er markvisst með áföll vegna kynferðislegrar misnotkunar í æsku sem og önnur áföll. Það er reynsla þeirra sérfræðinga sem vinna hjá SN að sálræn áföll sem skjólstaðingar hafa orðið fyrir á lífsleiðinni, koma oft en ekki fram í líkamlegum kvillum. Vinnan felst því að miklu leyti í því að hjálpa konunum að tengja saman líkama og sál. Það þýðir m.a. að vinna úr sálrænum áföllum, að ná betri öndun, losa um vöðvaspennu, öðlast betri sjálfsmýnd og ná betri líkamlegri heilsu. Í Gæfusporinu fer fram fjölbætt ráðgjöf, stuðningur, aðhald og hvatning alla virka daga vikunnar og er tímasókn 4-6 tímar á dag. Konurnar vinna bæði á einstaklingsgrunni og í hópavinnu. Einstaklingsvinnan er í formi ráðgjafaviðtala, svæðanudds, höfuðbeina- og spjaldmeðferðar, sálfræðiviðtala, fjármálaráðgjafar, djúpslökunar og fjölskyldumeðferðar. Hópavinnan samanstendur af fræðslu, sjálfstyrkingu, líkamsvitund, hreyfingu og sálfræðihópavinnu einu sinni í viku. Í haust var boðið upp á 30 tíma listasmiðju hjá Bryndísi Arnarsdóttur sem fór fram á vinnustofu hennar í Verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð. Sú vinna gafst mjög vel og jók mikið á sjálfstraust kvennanna.

Fagaðilar sem komu að Gæfusporinu voru: Félagráðgjafi, fjölskyldumeðferðarfræðingar, hjúkrunarfræðingur, heilsuþjálfari, sálfræðingur, sjúkraþjálfarar og svæðanuddari.

Virgni & Vellíðan

Virgni & Vellíðan er tólf vikna endurhæfing. Markhópur eru þeir einstaklingar sem vilja styrkja sig andlega og líkamlega, auka sjálfstraust sitt og bæta félagsleg samskipti til að verða hæfari á vinnumarkaði. Rauði þráðurinn í Virgni & Vellíðan er sjálfstyrking og sjálfsmýnd, hreyfing, heilsuefling, vellíðan, markmiðssetning, samskipti og vinnufærni. Í boði er ýmis fræðsla sem styrkir þátttakendur á leið þeirra út á vinnumarkaðinn.

Annað

Alltaf eru þónokkrir þátttakendur sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar endurhæfingarleiðir hjá SN. Þeim er mætt með einstaklingsmiðaðri þjónustu. Gerður er samningur þar sem ráðgjafi hjá SN styður einstaklinginn og heldur utan um þá þætti endurhæfingarinnar sem þörf er á. Ráðgjafarviðtölin skipa þar stóran sess.

Þjónusta veitt utan Akureyrar

Fjallabyggð og Dalvík

SN þjónustaði 14 einstaklinga í Fjallabyggð og Dalvík á vormánuðum 2014 en 8 einstaklinga á haustönn. Boðið var bæði upp á einstaklingsmiðaða þjónustu og hópstarf auk þess sem þátttakendur áttu þess kost að nýta sér heilsueflingu. Starfsmaður frá SN vann á Siglufirði og Dalvík einn dag í viku.

Norðurland vestra

Einn einstaklingur þáði einstaklingsmiðaða þjónustu frá SN af Norðurlandi vestra á fyrstu mánuðum ársins.

Norðurland eystra

Fáar tilvísanir hafa borist til SN frá Norðurlandi eystra undanfarin ár. Virk starfsendurhæfingarsjóður óskaði eftir ETNA endurhæfingarúrræði á Húsavík og vísað 11 einstaklingum til SN. Ingveldur Árnadóttir iðjuþjálfari var ráðin verkefnastjóri þess verkefnis í þrjá mánuði. Þrír einstaklingar voru að auki í einstaklingsbundinni þjónustu á Húsavík á vormánuðum og einn á haustönn.

Allir þjónustugegar SN utan Akureyrar fá einstaklingsmiðaða þjónustu sem tekur mið af þörfum og aðstæðum hvers og eins.

Eftirfylgd

Einstaklingum sem útskrifast úr endurhæfingunni er gefinn kostur á eftirfylgd frá SN í ár að lágmarki en lengur ef og þegar þeir óska eftir því.

Evrópuverkefni

Starfsendurhæfing Norðurlands er þátttakandi í tveim Evrópuverkefnum, JobAssist sem hófst í janúar 2014 og SC2BC sem hófst í nóvember 2014.



Starfsmenn JobAssist á fundi á Íslandi í júlí 2014



er svokallað yfirfærsluverkefni undir merkjum Leonardo áætlunarinnar, frá Búlgaríu sem er fjármagnað af Evrópusambandinu. Verkefnið er til tveggja ára og er stjórnað af Póllandi, en Búlgaría sér um faglega handleiðslu. Samstarfslönd SN eru auk Póllands og Búlgaríu; Þýskaland, Ítalía og Spánn. Haldnir voru tveir fundir á árinu. Fyrri fundurinn var í janúar í Rostock í Þýskalandi og sá seinni á Íslandi í byrjun júlí. Verkefnið miðar að því að þjálfa atvinnuleitendur, sem hafa verið lengi frá vinnu, í atvinnuleit á vinnumarkaði. Markhóparnir eru tveir, annars vegar ungt fólk undir 25 ára aldri og hins vegar atvinnuleitendur sem eru eldri en 45 ára. Verkefnislok eru í desember 2015. Heimasiða verkefnisins er; <http://www.jobassist.eu>.

Starfsmenn verkefnisins fyrir SN eru Geirlaug G. Björnsdóttir framkvæmdastjóri og Jóhanna Bergsdóttir sálfræðingur.

SC2BC - Evrópuverkefnið, From School Class to Business Class (SC2BC)



Starfsmenn SC2BC á fyrsta fundi verkefnisins í Niðurlöndum




Óskað var eftir þátttöku SN í Evrópuverkefni undir merkjum Erasmus+ sem er ein af samstarfsáætlunum Evrópusambandsins. Markmið Erasmus+ er tvíþætt; styðja við verkefni sem miða að



því að auka færni og hæfni einstaklinga til að takast á við störf framtíðarinnar; og tryggja nútímavæðingu mennta- og æskulýðskerfa innan þáttökulandanna 34 sem taka þátt í Erasmus+. Samstarfslönd SN í verkefninu, auk Hollands sem leiðir verkefnið, eru Slóvenía, Búlgaría og Ítalía. Fyrsti fundur verkefnisins var í Hollandi í nóvember 2014. Verkefnið er til þriggja ára og miðar að því að þróa námsefni og að þjálfa ungt fólk í verkgreinum framhaldsskóla í frumkvöðlaðferðum, með það að markmið að setja á fót eigin fyrirtæki að námi loknu. Starfsmenn verkefnisins fyrir SN eru Ólafur Jakobsson, verkefnisstjóri og Kristján Jósteinsson, félagsráðgjafi.

Fjöldi tilvísana

Heildarfjöldi tilvísana á árinu 2014 var 257. Á bak við tilvísanafjöldan eru 131 einstaklingar, því 1-4 tilvísanir eru á bak við hvern einstakling sem vísað er til SN.




Mynd 3. Fjöldi tilvísana til SN 2014

Frá Virk starfsendurhæfingarsjóði bárust 247 tilvísanir (96%). Á bak við tilvísanafjölda frá Virk eru 119 einstaklingar. Frá Félagsþjónustunni bárust 9 tilvísanir (3%) og frá Vinnumálastofnun barst 1 tilvísun. Heildarfjöldi þátttakenda hjá SN var 150 allt árið 2014.


Kynjaskipting

Í þjónustu voru 108 konur (72%) og 42 karl (28%)



Mynd 4. Kynjaskipting


Tilvísendur þeirra sem fengu þjónustu á árinu 2014



Mynd 5. Tilvísendur þeirra sem fengu þjónustu hjá SN 2014


Á árinu fengu 150 einstaklingar þjónustu. Flestum sem fengu þjónustu hjá SN á árinu var vísað frá Virk starfsendurhæfingarsjóði, alls 110 einstaklingar. Frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, geðsviði (SAK) voru 12, frá Félagsþjónustum 9, frá Vinnumálastofnun (VMST) 10 og frá Heilsugæslustöðvum 9. Allir sem fengu þjónustu á starfsárinu, sem vísað var frá öðrum en Virk starfsendurhæfingarsjóði voru í þjónustu hjá SN á samningi Velferðarráðuneytisins um áramótin 2013/14 sem Virk starfsendurhæfingarsjóður tók síðan yfir.

Til samanburðar er hér mynd sem sýnir fjölda þeirra sem þáðu þjónustu hjá SN frá júní til desember 2013, eftir tilvísendum.



Mynd 6. Tilvísendur þeirra sem fengu þjónustu hjá SN frá júní – desember 2013


Meðaldurinn þátttakenda er 34 ár og 60% þátttakenda eru á aldrinum 18-35 ára.



Mynd 7. Aldursdreifing þátttakenda í starfsendurhæfingu 2014

Ástæða tilvísana


Þegar ástæða tilvísunar er skoðuð kemur í ljós að 102 (68%) er vísað vegna geðröskunar, þar af eru 38 (26% af þátttakendum) að kljást við afleiðingar langvarandi fíknivanda, 34 einstaklingum, (23%) vegna stoðkerfisvanda, 9 einstaklingum (6%) vegna langtíma atvinnuleysis og 5 einstaklingum (3%) var vísað af öðrum orsökum.



Mynd 8. Ástæða tilvísunar


Hve lengi frá vinnu

Flestir þátttakendur eða 67% hafa verið frá vinnumarkaði lengur en eitt ár.



Mynd 9. Hve lengi frá vinnu við komu í endurhæfingu

Framfærsla á endurhæfingartímanum



Mynd 10. Framfærsla á endurhæfingartímanum

Flestir þátttakendur eru á endurhæfingarlífeyri á endurhæfingartímanum, eða um 68% þátttakenda (102 þátttakendur). Á örorku voru 7% (11 þátttakendur), á atvinnuleysisbótum 10% (15 þátttakendur), á framfærslu frá sveitarfélagi 10% (15 þátttakendur). Fjórir voru í launuðu starfi og tveir með greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélaga. Einn hafði ekki greiðslur.

Þegar heildarfjöldi endurhæfingarplássanna er skoðaður yfir rekstrarárið þá er þau 252 en árið 2013 voru þau 220.

	Vor 2014	Haust 2014	Samtals Endurhæfingarpláss
BYR - undirbúningsnámskeið	19		19
Brúin – stuðningsúrræði	16	12	28
ETNA –ATV	22	16	38
ATV		19	19
Virkni & Vellíðan	19		19
Gæfusporið		8	8
Matshópur		24	24
Leið 1 (einstaklingsbundin þjónusta)	8	2	10
Húsavík	13	1	14
Dalvík og Fjallabyggð	14	8	22
Norðurland vestra	1		1
Eftirfylgd	11	9	20
Sumarnámskeið	30		30
Samtals	153	99	252

Mynd 11. Fjöldi endurhæfingarplássanna rekstrarárið 2014

ASEBA sjálfsmatslistinn

Eins og fyrr er greint frá í skýrslunni, þá eru ASEBA sjálfsmatslistar lagðir fyrir þátttakendur við upphaf og lok endurhæfingar. Halldór Guðmundsson lektor við Háskóla Íslands hefur verið okkur innan handar við að vinna tölfræðileg gögn úr gagnagrunninum. Í upphaf árs 2014 vann hann fyrir okkur samantekt og fylgja hér með tvær sögulegar tölfræðimyndir. Í skýringatexta hans við myndirnar segir;

„Árið 2010 var gerð skýrsla um áhrif starfsendurhæfingar á virkni, fátækt og félagslega einangrun.

Í þessari skýrslu voru birtar niðurstöður byggðar á mælingum með ASEBA frá 2006 til 2010.


Á því tímabili svöruðu 100 einstaklingar listunum bæði fyrir og eftir endurhæfingu.

Frá 2010 og til dagsins í dag hafa 65 einstaklingar til viðbótar svarað ASEBA matslistum fyrir og eftir endurhæfingu.

Á myndinni hér að neðan má sjá að ekki hefur orðið teljandi breyting á árangri af starfsendurhæfingu, eins og hann birtist í niðurstöðum þessara matslista.

Það er engu líkara en það sé að myndast ákveðinn fasti, hópurinn mælist að jafnaði þremur til fjórum stigum lægri á kvörðum heildarerfiðleika og líðunar, óháð skori við upphaf endurhæfingar.

Niðurstaðan fyrir hegðunarvanda er óskýrari, enda mælist vandinn að jafnaði undir klínískum viðmiðunarmörkum bæði fyrir og eftir endurhæfingu.




Frá árinu 2006 og til dagsins í dag hefur alls 491 einstaklingur svarað ASEBA matslistum við upphaf starfsendurhæfingar.

Árið 2007 mældist vandi þátttakenda umtalsvert meiri en árið áður. Árið 2008 mældist hins vegar sambærilegur vandi og 2006 og var svo áfram allt til 2012. Á því var sú undantekning að hegðunarvandi mældist meiri árið 2009 en nokkurt annað ár.

Frá 2012 til 2013 verður umtalsverð breyting á niðurstöðum ASEBA fyrir þátttakendur sem koma í starfsendurhæfingu. Heildarvandi og líðan mælist meiri en nokkurn tíman áður, aðeins árið 2007 er að finna sambærilegar mælingar.

Árin 2007 og 2013 mælist heildarhópurinn yfir klínískum mörkum á kvarða heildarerfiðleika.

Sé mið tekið af árangursmælingum ASEBA hingað til mun hópurinn sem er að koma til starfsendurhæfingar árið 2013 útskrifast á eða yfir klínískum viðmiðunarmörkum á heildarvanda og líðan.“ (Halldór Guðmundsson – febrúar 2014)



Það má velta því fyrir sér hverjar eru mögulegar orsakir þessa? Hvert ber að stefna?

Samantekt

Þegar litið er um öxl og starfsárið 2014 gert upp er margt líkt og undanfarin ár hvað varðar rekstrarstöðu félagsins, áfram hefur verið barningur að halda því gangandi vegna mikillar rekstraróvissu. Síðastliðið haust var sérstaklega mikil óvissa þar sem þá reyndi í fyrsta skipti á samstarf SN og Virk starfsendurhæfingarsjóðs um tilvísanir, þar sem fyrrum tilvísendur máttu ekki lengur vísa beint til SN (SAK, heilsugæslustöðvarnar og sveitarfélögin) eftir gildistöku laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsendurhæfingarsjóða (Lög nr. 60, 25. júní 2012). Starfið fór því seint af stað um haustið og aldrei hafa verið eins fáir einstaklingar í þjónustu hjá SN og voru þá um haustið. Við þessar breytingar kom sú staða upp að ekki var hægt að gera áætlanir nema stutt fram í tíma þar sem ekki var nein trygging fyrir nægum tilvísunum inn í þær þjónustuleiðir sem boðið var upp á hverju sinni. Þetta hefur haft það í för með sér að starfsumhverfi þeirra sem starfa hjá SN er mjög ótryggt. Hins vegar hefur verið gott samstarf við stjórnendur Virk um að tryggja reksturinn SN við þessar breytingar. Meðal annars var gerður tímabundin samningur við Virk starfsendurhæfingarsjóð þar sem sjóðurinn greiddi 8 milljónir til rekstursins á árinu umfram keypta þjónustu fyrir þátttakendur, vegna aðlögunar að þessu breyttu landslagi.

Það sem vekur athygli þegar faglegt starf er skoðað, að um 60% þátttakenda eru á aldrinum 18-35 ára. Sú þróun sem hefur verið undanfarin ár heldur áfram, þ.e. ungum einstaklingum með fjölþáttagreiningar er vísað til SN í langtímaendurhæfingu. Stór hluti þessa hóps glímur við afleiðingar langvarandi fíknivanda. Einnig vekur athygli sú vísbending sem samantekt Halldórs Guðmundssonar úr ASEBA gagnagrunninum gefur, að vandi þátttakenda mælist nú meiri við komu til SN og er yfir klíniskum mörkum við útskrift. Þessar niðurstöður gefa tilefni til þess að staldra við og skoða hvernig best sé að bregðast við. Þarfa að breyta áherslum í endurhæfingunni? Er líklegt að þeir einstaklingar nái að fóta sig á vinnumarkaði sem við útskrift eru með vanda yfir klíniskum mörkum? Þarf að gera ráð fyrir að hluti þátttakenda í starfsendurhæfingu þurfi mun lengri tíma í

endurhæfingu en nú er gert ráð fyrir? Þetta eru meðal annars spurningar sem þeir sem stýra starfsendurhæfingarmálum þurfa að svara. Mikilvægt er að marka heildarstefnu um hvernig heppilegt sé að stýra ferli starfsendurhæfingar svo þeir einstaklingar sem búa við fjölþættan vanda fái viðunandi þjónustu og þann tíma sem þeir þurfa til þess að komast út í lífið á ný.

Akureyri, 9. apríl 2015,
Geirlaug G. Björnsdóttir
Framkvæmdastjóri

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Norðurland Norðurlands er að finna á vefsíðu SN;
<http://www.stn.is>.